

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík 15. júlí 2019  
Tilvísun: 201810062 / 3.5

## Efni: Breyting á deiliskipulagi vegna Austurgötu 11, Hafnarfjarðarbæ

Hafnarfjarðarbær hefur með erindi dags. 20. júní 2019, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi til yfirferðar að nýju samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga, vegna Austurgötu 11.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti þann 10. júlí 2018 að auglýsa tillögu umræddrar deiliskipulagsbreytingar sem breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar m.s.br. (sem þá var í gildi fyrir lóðina) og senda Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. gögn með tilvísun í breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar.

Skipulagsstofnun gerði athugasemd við gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar sbr. afgreiðslubrэф dags. 27. október 2018, m.a. vegna þess að það vantaði að gera grein fyrir verndarákvæðum og bent á Minjastofnun Íslands í því samhengi.

Nokkru síðar, eða þann 20. febrúar 2019, samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarða nýtt deiliskipulag; deiliskipulag Miðbæjar Hrauns vestur, og með því var lóð Austurgötu 11 felld inn í hið nýja deiliskipulag, sbr. uppdrátt dags. í apríl 2015/endurauglýst í apríl/maí 2018/br. 7. desember 2018/lagf. 15. nóvember 2018. Nýja deiliskipulaginu fylgdi greinargerð dags. í apríl 2015/endurauglýst apríl/maí 2018, útg. 0,3, febrúar 2019, með skipulagsskilmálum þ.á.m. fyrir Austurgötu 11.

Með erindi því sem Skipulagsstofnun hefur nú borist, eru lagfærð gögn sbr. uppdráttur dags. 17. maí 2018/br. 6. júní 2019 og í erindinu er tekið fram, að skipulags- og byggingarráð hafi fjallað um athugasemdir stofnunarinnar og samþykkt hinn lagfærða uppdrátt þann 18. júní 2019.

Þá hefur Skipulagsstofnun borist afrit af umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. júlí 2018, til Hafnarfjarðabæjar, þar sem mælt er til þess að lokið verði við skráningu á skipulagsreitnum sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og að henni lokinni muni MÍ veita umsögn um fyrirhugaða viðbyggingu líkt og aðrar framkvæmdir á skipulagsreitnum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innkomin gögn og áður en stofnunin getur tekið afstöðu til málsins, þarf bæjarstjórn að bregðast við nýrri umsögn Minjastofnunar þegar hún liggur fyrir. Auk þess þarf að skýra samræmi umræddrar deiliskipulagsbreytingar við skipulagsskilmála hins nýja deiliskipulags Miðbæjar Hrauns vestur í ljósi þess að tillaga að deiliskipulagsbreytingunni var samþykkt til auglýsingar þann 10. júlí 2018, þegar annað deiliskipulag var í gildi þ.e. deiliskipulag Miðbæjar.



Inga Björk Dagfinnsdóttir

Afrit sent Minjastofnun Íslands